

Fimmtudaginn 26. maí 1994.

Nr. 472/1993.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Guðna Péturssyni

Rögnvaldi Guðmundssyni

Gunnari Óla Sigurðssyni

Jóni Magnússyni og

Arnþóri Magnússyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Dýravernd. Ákæra. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. október 1993 til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsíákvörðunar og upptöku ísbjarnarhræs.

Nokkur ný gögn voru lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Í ákæruskjali 5. ágúst 1993 er ákærðu gefið að sök að hafa, „er þeir voru á grálúðuveiðum . . . 67 sjómílnur norður af Horni náð í félagi að fanga ísbjörn, sem þar var á sundi, með snöru og síðan sam-mælst um að deyða dýrið og framkvæmt það með því að útbúa og bregða snörum, þ. á m. einni úr vír, um háls dýrsins og eftir það all-ir hert að hálsi dýrsins við skipshliðina þar til það drapst eftir nokkrar mínútur og ákærðu innbyrtu hræið“. Er þetta talið varða við 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., laga nr. 21/1957 um dýravernd. Við meðferð málsins var leitt í ljós, að framangreind lýsing í ákæru er röng að því leyti, að vír var ekki notaður við aflifun ísbjarnarins, heldur var nælontóg brugðið um hálsinn, eins og fram kemur í hin-um áfrýjaða dómi.

Vegna heimfærslu til refsíákvæða í ákæru verður að skilja hana svo, að það hafi ekki verið talið saknæmt af hálfu ákærðu að fanga ísbjörninn umrætt sinn og deyða hann, heldur hafi ólögmætum að-

ferðum verið beitt við aflífun dýrsins. Í héraði var málið að frumkvæði héraðsdómara flutt með hliðsjón af því, að verknaður ákærðu kynni að hafa brotið gegn 1. gr. dýraverndunarlag, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Málið hlaut sömu umfjöllun í Hæstarétti. Er því til álita í málinu, hvort framferði ákærðu hafi verið saknæmt frá þeirri stundu, er þeir náðu að fanga ísbjörninn.

II.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Verður að leggja þann framburð ákærðu til grundvallar, að þeir hafi haft í hyggju að fanga ísbjörninn í því skyni að færa hann lifandi til hafnar. Þeir náðu að bregða vírstroffu utan um miðju dýrsins og hugðust hífa það þannig um borð í skipið. Í málinu nýtur hvorki gagna um áverka á dýrinu né skýrslu um krufningu þess. Ekki hefur verið sýnt fram á, að ákærðu hafi með aðferðum sínum valdið ísbirninum meiri þjáningum en efni voru til. Þá verður eigi talið, að þeir hafi hlotið að sjá það fyrir, að tilætlun þeirra myndi ekki takast.

Með þessum athugasemdum ber að fallast á sönnunarmat héraðsdómara. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Ákærðu bera á einn veg um atvik máls þessa, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, og er rétt að leggja frásögn þeirra til grundvallar um úrlausn þess. Af henni verður ráðið, að þeir hafi lagt til atögu við ísbjörninn í fljótræði og án eiginlegrar fyrirhyggju um

það, hvernig þeir gætu náð birninum um borð í skip sitt og flutt hann til lands, án þess að slys yrðu á dýrinu og þeim sjálfum. Verður aðgerðin naumast talin til veiði eða föngunar í neinni merkingu, er þýðingu hafi að lögum, eins og að henni var staðið. Ákvörðun þeirra um að aflífa björninn við skipssíðuna verður og að meta svo, að þá hafi ekki brostið kjark til að leiða aðgerðina til lykta, heldur hafi þeir einfaldlega séð, að stefnt var í óefni. Á það má fallast, að sú ákvörðun hafi verið réttlætanleg, úr því sem komið var, og framkvæmd með þeim hætti, sem helst kom til greina. Eru þá ekki efni til þess, að ákærðu verði taldir brotlegir við 1. mgr. 9. gr. laga nr. 21/1957 um dýravernd. Á hinn bóginn leysti þetta skipverjana ekki undan ábyrgð á þeirri meðferð á dýrinu, sem til hafði verið stofnað í verki, en í henni fólst ótvírætt brot gegn hinu almenna ákvæði 1. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 18. gr. þeirra. Unnt er að beita því ákvæði, eins og ákæru og málflutningi er háttað, og rétt, að svo verði gert.

Ákærðu eru á einu máli um, að þeir hafi staðið saman að öllum þáttum aðgerðarinnar, og var hún óskyld þeim starfa, er þeir höfðu annars á skipinu. Ber þannig að sakfella þá alla fyrir umrætt brot, eins og krafist er af hálfu ákæruvaldsins. Enginn þeirra hefur áður orðið brotlegur við lög með þeim hætti, að máli skipti um viðurlög fyrir það. Með tilliti til þess og til allra málsatvika er rétt, að ákvörðun um refsingu á hendur þeim verði frestað skilorðsbundið samkvæmt a-lið 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Fallast ber á kröfu ákæruvaldsins um eignarupptöku á ísbirninum, þar sem hann er nú varðveittur, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber og að gera ákærðu að greiða kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti að jöfnum hlutum.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 27. september 1993.

Ár 1993, mánudaginn 27. september, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-28/1993: Ákæruvaldið gegn Jóni Guðna Péturssyni o.fl., sem tekið var til dóms hinn 24. s.m. að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. ágúst 1993, á hendur ákærðu, Jóni Guðna Péturssyni skipstjóra, Skólastíg 10, Bolungarvík, kt. 230347-4339, Rögnavaldi Guðmundssyni stýrimanni, Traðarlandi 4,

Bolungarvík, kt. 170549-3849, Gunnari Óla Sigurðssyni nema, Langholtsvegi 100, Reykjavík, kt. 020974-3709, Jóni Magnússyni sjómanni, Hlíðarstræti 20, Bolungarvík, kt. 270867-3679, og Arnþóri Magnússyni sjómanni, Völusteinsstræti 3, Bolungarvík, kt. 110770-5889, „fyrir brot á lögum um dýravernd nr. 21 frá 13. apríl 1957 með því að hafa fimmtudaginn 24. júní 1993 um kl. 19.00, er þeir voru á grálúðuveiðum á skipinu um 67 sjómílur norður af Horni, náð í félagi að fanga ísbjörn, sem þar var á sundi, með snöru og síðan sammælt um að deyða dýrið og framkvæmt það með því að útbúa og bregða snörum, þ.á m. einni úr vír, um háls dýrsins og eftir það allir hert að hálsi dýrsins við skipshliðina þar til það drapst eftir nokkrar mínútur og ákærðu innbyrtu hræið.

Telst brot ákærðu varða við 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, og 7. gr. laga nr. 75/1982.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til upptöku ísbjarnarhræsins samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

— — —

Málavextir.

Fimmtudaginn 24. júní síðastliðinn voru skipverjar á vélskipinu Guðnýju ÍS-266 á grálúðuveiðum um 67 sjómílur norður af Horni er þeir urðu varir við ísbjörn á sundi í námunda við skipið. Voru skipverjar þá að ljúka við að draga inn veiðarfæri, en á meðan svamlaði björninn kringum skipið, án þess að á honum sæjust nokkur merki um ótta. Vaknaði þá sú hugmynd meðal skipverja, ákærðu í málinu, að fanga björninn og færa hann lifandi til hafnar. Voru því útbúnar nokkrar snörur, þ. á m. ein úr 11 mm stálvír, en því næst sigldu ákærðu að dýrinu og náðu fyrirhafnarlítið að koma vírsnörinni utan um miðju þess og herða að. Drógu ákærðu síðan dýrið að skipshlið og fóru að hífa það um borð. Við það kom fát á dýrið, sem tók að berjast um og slá kröftuglega í síðu skipsins. Varð ákærðu þá ljóst, að undir slíkum kringumstæðum yrði ógerningur að koma dýrinu lifandi um borð og sammæltust þeir þess í stað að hengja dýrið og innbyrða það síðan, en hvorki skotvopn né annars konar vopn voru um borð í skipinu. Brugðu ákærðu því nælonsnöru um háls dýrsins og hertu allir að, uns dýrið hætti að berjast um og fullvíst þótti að það væri dautt. Töldu ákærðu síðar að deyðingin hefði tekið um 1-2 mínútur. Var hræið síðan híft um borð og því komið fyrir niðri í lest skipsins, þar sem það var geymt, uns komið var til heimahafnar í Bolungarvík tveimur dögum síðar. Lögreglustjórinn í Bolungarvík lagði þar hald á hræið hinn 6. júlí síðastliðinn og var það daginn eftir sent umhverfisráðuneytinu til varðveislu.

Ákærðu hafa allir komið fyrir dóm vegna málsins. Er framburður þeirra samhljóða í öllum meginatriðum og í fullu samræmi við þá atvikaýsingu, sem að framan er rakin. Einnig er ljóst af framburði ákærðu, að hugur þeirra stóð upphaflega til þess að ná dýrinu lifandi og að einhuga ákvörðun þeirra um deyðingu þess hafi ekki verið tekin fyrr en búið var að hífa dýrið upp úr sjónum. Allir hafa ákærðu borið, að á þeirri stundu hafi þeir talið óhjákvæmilegt að deyða dýrið, þar sem ómögulegt hefði verið að leysa vírsnöruna utan af því, enda hvorki virklippur né önnur álíka verkfæri um borð í skipinu og því óforsvaranlegt að sleppa dýrinu í sjó með allt að 40-50 faðma af stálvír utan um sig. Þar sem engin vopn voru tiltæk mátu ákærðu allir aðstæður svo, að eina úrræði þeirra væri að hengja dýrið með snöru.

Um hvatir að baki því að fanga ísbjörninn verður ekkert ráðið með vissu af framburði ákærðu annað en það, að ekki hafi verið um hreina drápsýsn að ræða. Hafa tveir þeirra borið, að ætlunin hafi verið að gefa björninn á safn eða í dýragarð. Einn ákærðu telur ævintýramennsku hafa ráðið gjörðum sínum, en tveir ákærðu bera að þeir hafi ekki leitt hugann að tilgangi veiðanna.

Niðurstaða.

Samkvæmt 7. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, sem enn er í gildi, má hver maður elta birni og veiða, hvar sem hann finnur, og á sá maður björn, sem fyrstur kemur á hann banasári. Tilskipun þessi er fáorð um verndun dýra, enda tilgangur hennar fyrst og fremst að vernda rétt manna til veiða og eignarrétt þeirra að veiðibráð. Eru veiðiaðferðum þar fáar skorður settar.

Með lögum nr. 34/1915 voru lögfest ýmis almenn ákvæði er lutu að dýra-vernd. Gætir þar fyrst að marki þeirra lagasjónarmiða, að verndun dýra væri nauðsynleg í þágu almannahagsmuna og með illri meðferð á dýrum væri vegið að mannúðar- og samúðarkennd manna, sem aftur krefðist viðbragða af hálfu hins opinbera. Hvorki eru þó í þeim lögum né í nágildandi lögum um dýravernd nr. 21/1957 ákvæði er lúta sérstaklega að veiði dýra, veiðitækjum eða veiðiaðferðum, en samkvæmt athugasemdum, er fylgdu frumvarpi til hinna nýju laga á sínum tíma, munu viðhorf löggjafans hafa verið þau, að meta yrði eftir almennum sjónarmiðum og hverju sinni hvort tilteknir veiðihættir feli í sér illa meðferð á dýrum að nauðsynjalausu. Sé þá ekki loku fyrir það skotið, að beita megi 1. gr. laganna um þau efni, en hún hljóðar svo: „Skýlt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu.“ Verður ákvæði þetta ekki skýrt á annan veg en þann, að það nái til allra dýra, sbr. ótvírætt orðalag þar að lútandi í athugasemdum með

frumvarpinu. Ljóst er hins vegar af lestri athugasemdanna og laganna í heild, að húsdýrum er þar tryggð ríkari vernd en villtum dýrum.

Ákærðu í máli þessu er gefið að sök að hafa brotið gegn 1. mgr. 9. gr. téðra laga, en hún hljóðar svo: „Þegar dýr eru deydd, ber að gæta þess, að deyðing fari fram með jafnhröðum og sársaukalitlum hætti og frekast er völ á.“ Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. er ráðherra síðan falið að setja nánari reglur um þetta. Hefur svo verið gert með reglugerð nr. 158/1957 um slátrun búfjár o.fl., en svo sem nafnið ber með sér er í reglugerðinni eingöngu fjallað um aflifun húsdýra og slátrun búpenings. Má því fallast á það með verjanda ákærðu, að við lögfestingu 9. gr. hafi almenni löggjafinn fyrst og fremst haft húsdýr í huga, sbr. og fyrrgreindar athugasemdir með frumvarpi til laganna. Hvorki er þar né í sjálfum lögnum að finna neina skýringu á því í hverju sú háttsemi er fólgin við deyðingu villtra dýra, sem talin er óhæfileg og lögnum andstæð. Er því ljóst, að slíkt heyrir undir mat dómstóla hverju sinni, sem meðal annars ber að taka mið af almennum viðhorfum til deyðingar villtra dýra og hugsanlegum venjum sem myndast hafa í samskiptum manna og slíkra dýra. Þá ber í máli þessu að líta sérstaklega til þess, að með 7. gr. fyrrnefndrar tilskipunar er veiði á ísbjörnum gefin frjáls. Verður hér að túlka orð 1. mgr. 9. gr. einnig með hliðsjón af þeirri staðreynd.

Eins og máli þessu er háttað verður við úrlausn þess að leggja til grundvallar samhljóða framburð ákærðu um málsatvik, svo sem þeim er áður lýst. Er þannig ósannað, að með ákærðu hafi vaknað ásetningur til að bana ísbirninum fyrr en búið var að hífa hann úr sjó og björninn farinn að láta ófriðlega og berja kröftuglega í síðu skipsins. Við þær aðstæður verður það ekki virt ákærðu til lasts, þótt þá brysti kjark til að innbyrða björninn lifandi, en ósannað er að þeir hafi átt þess kost að losa vírsnöruna af birninum og sleppa honum þannig í sjóinn. Þar sem engin skotvopn eða lagvopn voru um borð í skipinu verður að fallast á það með ákærðu, að þeim hafi í stöðunni verið nauðugur einn kostur að hengja björninn við skipssíðuna. Er ósannað, að ákærðu hafi dvalið lengur við þann verknad en nauðsyn bar til. Einnig er ósannað, að ákærðu hafi við deyðinguna valdið birninum ónauðsynlegum þjáningum. Ber því samkvæmt 45. og 46. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 að sýkna ákærðu af ætluðu broti.

Kemur þá til álita hvort ákærðu hafi með háttsemi sinni greindan dag brotið gegn 1. gr. dýraverndunarlaga, sem áður er rakin, en svo sem verknadarlýsingu er háttað í ákæruskjali girðir 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki fyrir að færa megi háttsemi ákærðu undir téða lagagrein. Voru ákærðu og yfirheyrdir fyrir dómi með hliðsjón af þessu og sakfytjendum gefið færi á að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti við munnlegan flutning málsins.

Með vísan til málsatvika, fyrri röksemdafærslu dómsins svo og þess, að ekki liggja fyrir í málinu álitsgerðir dýralækna eða annarra kunnáttumanna um forsvaranlega meðferð ísbjarna, telur dómurinn einnig ósannað, að ákærðu hafi valdið birninum ónauðsynlegum þjáningum fram að þeirri stundu er ákvörðun var tekin um að deyða hann. Er því skilyrðum 45. og 46. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki nægilega fullnægt til að refsa megi ákærðu fyrir brot á 1. gr. dýraverndunarlagar.

Samkvæmt þessum málsúrslitum og með vísan til ótvíræðs orðalags 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga ber einnig að synja um kröfu ákærvalds um upptöku ísbjarnarhræsins.

Loks ber samkvæmt 1. mgr. 166. gr. laga um meðferð opinberra mála að leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, sem þykja með hliðsjón af eðli málsins og umfangi hæfilega ákveðin krónur 75.000 að viðbættum 24,5 % virðisaukaskatti.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Jón Guðni Pétursson, Rögnvaldur Guðmundsson, Gunnar Óli Sigurðsson, Jón Magnússon og Arnþór Magnússon, eru sýknir af öllum kröfum ákærvalds í málinu.

Sakarkostnaður greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, krónur 75.000.
